

FEÐRADAGURINN

14. NÓVEMBER 2010

ÞVÍ MIÐUR!

VEGNA ÞESS AÐ EKKERT HEFUR GERST Í RÉTTINDAMÁLUM FORSJÁRLAUSRA FORELDRA UNDAFARIÐ ÁR, NEYÐUMST VIÐ TIL AÐ BIRTA SÖMU AUGLÝSINGUNA AFTUR...

8. NÓVEMBER 2009

FEÐRADAGURINN

TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og ríkisstjórn Íslands. Hér eru blákaldar staðreyndir úr „jafnréttis- og mannréttindaríkinu Íslandi“ **Er þetta boðlegt börnum þessarar þjóðar?**

- 1 Ísland** rekur lestina af öllum Norðurlöndunum í málefnum skilnaðarbarna og feðra, samkvæmt nýrri skýrslu Félagsmálaráðuneytisins
- 2 Í skýrslu** Félagsmálaráðuneytisins kemur fram að mæður verða í 92-95% tilvika með lögheimili og öll helstu réttindi barna við skilnað foreldra.
- 3 Kynbundinn** munur er meiri og alvarlegri en í öðrum sambærilegum málaflokkum. Ríkisrekin jafnréttisbarátta neitar að horfast í augu við staðreyndirnar.
- 4 Börn á Íslandi** eiga ekki sama rétt til feðra sinna og mæðra við skilnað. Þar með er jafnrétti kynjanna í málaflokkki forsjár- og umgengnismála ekki viðurkennt á Íslandi.
- 5 Sýslumannsembættin** skammta flestum skilnaðarbörnum 4-6 daga í mánuði með feðrum sínum. Dómsmálaráðuneytið staðfestir yfirleitt slík mannréttindabrot. Af því bara...
- 6 Sýslumannsembættin** telja yfirleitt að skilnaðarbörn eigi ekki að dvelja hjá feðrum sínum og föðurfjölskyldum á aðfangadegi jóla. Dómsmálaráðuneytið staðfestir yfirleitt slík mannréttindabrot. Af því bara...
- 7 Sýslumannsembættin** láta feður greiða meðlög algerlega óháð samvistum og eigin framfærslu þeirra við börn sín.
- 8 Íslenskum dómurum** er ekki ennþá treyst fyrir því að komast að bestu niðurstöðu fyrir börnin þegar til forsjármála kemur, eini málaflokkurinn þar sem þeim er ekki treyst.
- 9 Dómara** ber að svipta annað foreldri forsjá, skv. lögum, þegar til ágreinings kemur, það reynist auðvelt þegar feður eru sviptir, eins og að drekka vatn að því er virðist.
- 10 Tilefnislausar** umgengnistálmanir eru algengar á Íslandi, þær eru gróft ofbeldi og mannréttindabrot. Tálmanir á að meðhöndla eins og hvern annan refsiverðan glæp og ofbeldisverk. Foreldri sem þverbrytur forsjárskyldur sínar með slíku athæfi sviptir börn hinu foreldri sínu og stórfjölskyldu sinni; mánuðum og jafnvel árum saman.
- 11 Embætti Umboðsmanns barna** er gagnslaust með öllu, hefur ekki gert nokkurn skapaðan hlut til þess að leiðrétta mannréttindabrot á börnum Íslands í forsjár- og umgengnismálum.
- 12 Skilnaðarhrina** getur fylgt í kjölfar efnahagshrunsins, þúsundir barna verða þá af eðlilegu sambandi og uppeldi hjá feðrum sínum og föðurfjölskyldum. Talið er að á Íslandi séu allt að 20.000 skilnaðarbörn.

SKORUM Á RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS AÐ TAKA MEÐ FESTU Á ÞESSUM MANNRÉTTINDABROTUM!
ÞAU ERU STÓRT LÝTI Á ÍSLENSKU SAMFÉLAGI – FORÐUMST AÐ FORSÆTISRÁÐHERRA ÞJÓÐARINNAR
PURFI AÐ BIÐJA ÍSLENSK SKILNAÐARBÖRN AFSÖKUNAR Á KOMANDI ÁRUM.....!

Styrkjum baráttuna fyrir foreldrajafnrétti þar sem vandamálin fara stöðugt vaxandi með breyttu fjölskyldumynstri. Gerist meðlimir í Félagi um Foreldrajafnrétti - Ársgjald einungis kr 2.000.
Skráning á www.foreldrajafnrretti.is.



FÉLAG UM FORELDRAJAFNRÉTTI
BARN Á RÉTT Á BÄÐUM FORELDRUM



www.foreldrajafnrretti.is